



Frekari viðbrögð KÍ (FG/SÍ) við greinargerð óformlegs vinnuhóps mennta- og menningarmálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga um greiningu á kostnaði við rekstur grunnskóla dagsettri 6. desember 2010

Stofnað er til vinnuhópsins skv. fyrirmælum ráðherra til þess að meta framkomnar óskir SÍS um lagabreytingar (og/eða tímabundnar heimildir til þess að víkja frá ákvæðum grunnskólalaga) til þess að lækka kostnað við rekstur grunnskóla.

Vinnuhópurinn rekur eftirfarandi forsendur vinnu sinnar í inngangi greinargerðarinnar:

1. Tillögur SÍS

- Stytta vikulegan kennslutímafjölda
- Fækka skóladögum nemenda
- Minnka framboð valgreina

2. Áhersla starfshópsins

- Skýra kostnað við rekstur grunnskóla á Íslandi (sem er hér í samanburði við önnur lönd)

3. Hvers vegna er grunnskólinn tekinn sérstaklega út hvað varðar hagræðingaraðgerðir?

- Rekstur grunnskóla er stærsti einstaki rekstrarþáttur hvers sveitarfélags
- Hagræðingaraðgerðir hafa þegar og munu óhjákvæmilega hafa áhrif á starf grunnskóla

4. Af hverju er ekki horft heildstætt á fjárhagsvanda sveitarfélaga og samskipti ríkis og sveitarfélaga í því samhengi?

- Vinnuhópurinn getur ekki tekið afstöðu til fjárhagsvanda sveitarfélaga í heild sinni
- Fjárhagsvandi sveitarfélaga (í heild sinni) heyrir að hálfu ríkisins undir ráðuneyti fjármála og samgöngu- og sveitarstjórnarmála

Athugasemdir KÍ við forsendur og niðurstöður vinnuhópsins.

1. Tillögur SÍS

Stytta vikulegan kennslutímafjölda og / eða fækka skóladögum nemenda.

- KÍ leggst alfarið gegn því að vikulegur kennslutímafjöldi barna í grunnskólum verði stytur og/eða að skóladögum nemenda verði fækkað.
- Margsinnis hefur Íslendingum verið bent á nauðsyn þess að verja nám og menntun gegn skakkaföllum á tímum samdráttar og kreppu. Það hafa gert fulltrúar þjóða sem reynslu hafa af slíku og ráðleggja þeir að frekar ætti að bæta í og auka menntun á krepputímum. Þetta ættu íslenskir stjórnámamenn að hafa sem leiðarljós í umfjöllun sinni um menntamál á krepputímum.
- Benda má á í þessu samhengi á eftirfarandi niðurstöður úr riti OECD, Education at a Glance 2010:
 - Ætlaður árlegur kennslutími nemenda á aldrinum 7 til 14 ára í opinberum skólum er minni á Íslandi en að meðaltali í aðildarlöndum OECD.
 - Heildarfjöldi klukkustunda í kennslu fyrir þennan aldurshóp var eftirfarandi 2008:
 - Ísland: 6.456 klst. (5% undir meðaltali)
 - Meðaltal í OECD-ríkjum: 6.777 klst.



- 2008: Kennsludagar á ári:
 - Ísland: 180 dagar. (4%/3% undir meðaltali)
 - Meðaltal í OECD-ríkjum: 186/187 dagar (neðri/efri bekkir grunnskólans)
- 2008: Kennsluvikur á ári:
 - Ísland: 36 vikur. (5% undir meðaltali)
 - Meðaltal í OECD-ríkjum: 38 vikur

Minnka framboð valgreina

- Kí hvar það ef einhver sveitarfélög sjá sér ekki annan kost í sínum fjárhagsvanda en að fara út á þessa braut. Ný námskrá og lög gera ráð fyrir auknu vali á unglingsstigi.

2. Áhersla starfshópsins

Skýra kostnað við rekstur grunnskóla á Íslandi (sem er hár í samanburði við önnur lönd)

- Kí bendir á að gögn sem leyfa alþjóðlegan samanburð á kostnaði vegna grunnskóla ná aðeins í besta falli til ársins 2008. Frá þeim tíma hefur mikið verið skorið niður í rekstri íslenskra skóla eins og meðal annars er lýst í greinargerð vinnuhópsins. Það er því ekki viðeigandi að vísa til alþjóðlegs samanburðar ef finna á rök fyrir frekari niðurskurði í íslenskum skólum en orðinn er frá 2008.
- Kí telur að háan kostnað (a.m.k. fram til 2008) vegna grunnskóla á Íslandi megi að mestu skýra með eftirfarandi þáttum sem koma fram í skýrslu OECD, Education at a Glance, 2010:
 - Aldri þjóðarinnar: Hlutfall aldurshópsins 5 til 19 ára af íbúafjöldanum er hærra hér en víðast annars staðar í OECD ríkjum.
 - Ísland (2006/7): **21,8%** (16% yfir meðaltali)
 - Meðaltal í OECD-ríkjum (2006/7): **18,8%**
 - Fjöldi árganga á grunnskólaaldri: 10 árgangar eru í íslenskum grunnskólum en aðeins 9,1 árgangur að meðaltali í ríkjum OECD.
 - Fjármagnskostnaður er óvenju hár á Íslandi, a.m.k. hvað varðar yngri bekkir grunnskólans ef marka má tölur OECD.
 - Litlar einingar (m.a. vegna dreifbýlis).
 - Metnaður skólayfirvalda: Skóli án aðgreiningar, einsetinn skóli, heitar máltíðir, veglegar skólabyggingar.
- Kí telur enn fremur að kostnaði vegna grunnskóla á Íslandi sé haldið niðri með láglaunastefnu gagnvart kennurum. Laun íslenskra kennara eru mjög lág í alþjóðlegum samanburði.

3. Hvers vegna er grunnskólinn tekinn sérstaklega út hvað varðar hagræðingaraðgerðir?

Rekstur grunnskóla er stærsti einstaki rekstrarþáttur hvers sveitarfélags.

- Kí hefur skilning á því að rekstur grunnskóla sé tekinn til skoðunar en leggst gegn lagabreytingum í þeim tilgangi að lækka kostnað vegna hans. Kí minnir á orð sviðstjóra lögfræðisviðs SÍS sem finna má á vef SÍS undir skilgreiningu á grunnþjónustu á sviði fræðslumála í þessu sambandi: „Ótvírætt er að grunnskólinn er grunnþjónustuverkefni og útgjöld til hans eiga því að vera í forgrunni við gerð fjárhagsáætlana sveitarfélaga“.

Hagræðingaraðgerðir hafa þegar og munu óhjákvæmilega hafa áhrif á starf grunnskóla.

- Kí veit að niðurskurður á framlögum til grunnskólans hefur nú þegar haft neikvæð áhrif á skólastarf í mörgum sveitarfélögum.



4. Af hverju er ekki horft heildstætt á fjárhagsvanda sveitarfélaga og samskipti ríkis og sveitarfélaga í því samhengi?

Vinnuhópurinn getur ekki tekið afstöðu til fjárhagsvanda sveitarfélaga í heild sinni.

- KÍ hefur skilning á því að umboð vinnuhópsins sé takmarkað en telur að vænlegra sé að líta heilstætt á vandann heldur en að afmarka sjónarhornið við einn rekstrarþátt (þó að hann sé einn sá mikilvægasti í starfsemi sveitarfélaganna).

Fjárhagsvandi sveitarfélaga (í heild sinni) heyrir að hálfu ríkisins undir ráðuneyti fjármála og samgöngu- og sveitarstjórnarmála.

- KÍ á erfitt með að skilja að ekki sé hægt að kalla til fulltrúa frá nefndum ráðuneytum og mynda vinnuhóp með víðtækt umboð til að fjalla um fjárhagsvanda sveitarfélaganna.

Fyrir hönd KÍ (FG / SÍ)

Reykjavík 22. desember 2010

Virðingarfyllst,

Þórður Á. Hjaltested